

Tillaga um skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknum BUS 56

Með tilkynningu Landsbréfa hf. („rekstraraðila“), dagsettri þann 15. maí 2018., er boðað til fundar skuldabréfaeigenda BUS 56 („skuldabréfin“), þar sem lagðar verða til breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins. Verður fundur skuldabréfaeigenda haldinn klukkan 11:00 þann 23. maí 2018 í höfuðstöðvum rekstraraðila, Borgartúni 33, á 4. hæð.

Fyrir fundinum liggur eftirfarandi tillaga að skilmálabreytingu BUS 56, sem sett er fram í einum tölulíð („tillagan“).

1. Ákvörðun um að breyta skilmálum skuldabréfaflokksins BUS 56 er varða uppgreiðsluheimild.

Lagðar eru til breytingar á kafla 2.2, nánar tiltekið kafla sem nefnist „Uppgreiðsluheimild/Uppgreiðsluskylda“. Kaflinn fjallar um heimild útgefanda til að greiða upp skuldabréfið fyrir lokagjalddaga.

Eftirfarandi málsgrein breytist:

Þann 5. desember 2022 og árlega þaðan í frá er lántaka heimilt að greiða lánið upp að fullu eða að hluta. Nýti lántaki uppgreiðsluheimild þessa skal hann greiða uppgreiðslugjald sem nemur 1,5% af fyrirframgreiddri fjárhæð. Uppgreiðslugjaldið skal þó lækka um 0,25%-stig á ári þannig að við uppgreiðslu 5. desember 2028 skal uppgreiðslugjaldið hafa fallið niður.

Hljóti tillagan samþykki hljóðar málsgreinin eftirleiðis svo:

Þann 5. desember 2025 og árlega þaðan í frá er lántaka heimilt að greiða lánið upp að fullu eða að hluta. Nýti lántaki uppgreiðsluheimild þessa skal hann greiða uppgreiðslugjald sem nemur 1,5% af fyrirframgreiddri fjárhæð. Uppgreiðslugjaldið skal þó lækka um 0,25%-stig á ári þannig að við uppgreiðslu 5. desember 2031 skal uppgreiðslugjaldið hafa fallið niður.

Efnislega er því tímamark uppgreiðsluheimildar færð aftur um þrjú ár.